

**Ed.**

**870. Nefndarálit**

[23. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. l. nr. 23 3. maí 1972 og l. nr. 25 24. apríl 1974.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum og kynnt sér umsagnir þær, sem borist hafa allsherjarnefnd Nd. Þá kallaði nefndin til fundar við sig þá Ólaf Walter Stefánsson skrifstofustjóra og Sigurð Jóhannsson vegamálastjóra, sem unnið höfðu að samningu frumvarpsins, og Guðna Karlsson forstöðumann Bifreiðaeftirlitsins. Enn fremur barst nefndinni skrifleg umsögn Ólafs Walters Stefánssonar um veðsetningu bifreiða.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd., en sú skoðun kom fram hjá sumum nefndarmönnum, að nauðsynlegt væri að frumvarp um skráningu bifreiða yrði flutt á næsta þingi og þar yrði gert ráð fyrir sams konar fyrirkomulagi og í upphaflegri gerð frumvarpsins.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson.
Jón G. Sólnes.	Halldór Ásgrímsson. Eggert G. Þorsteinsson.	Geir Gunnarsson.